



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 01.11.2005

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn í Hvítadal 1. nóvember 2005.

Mættir: Erling, Harald, Bryndís, Valberg, Margrét og Þórður

- 1) Val íþróttamanns ársins.
Stjórnin ákveður að Agnar Þór Magnússon hljóti titilinn í ár.
- 2) Vallarmálið.
Vegna mistaka var ekki sótt um aftur í Íþróttasjóð þetta árið en umsóknarfrestur er liðinn.
Búið er að þökuleggja hluta áhorfendasvæðis og sá í hluta.
Staurasamstæðan sem fyrir var er farin.
Samþykkt var að fela Valberg að semja við verktakana (Gilbert, Magnús og Einar) um að klára að setja efni í stærri hringinn og að jafna út efni innan í hringvellinginum.
- 3) Fjórðungsmótið 2005.
Útlit er fyrir einhvern hagnað af mótinu.
- 4) Vefur Glaðs.
Vefur félagsins er í smíðum og langt kominn. Stjórnin samþykkir að fundargerðir verði birtar þar.

Þórður Ingólfsson (sign)
Margrét Guðbjartsdóttir (sign)
Harald Ó. Haralds. (sign)
Bryndís Karlsdóttir (sign)
Valberg Sigfússon (sign)
Erling Kristins. (sign)